

Nd.

217. Frumvarp

til laga um að veita síra Friðriki Hallgrímssyni ríkisborgararjett.

Frá allsherjarnefnd.

Ríkisborgararjettur veitist síra Friðriki Hallgrímssyni, sem er fæddur á Íslandi en hefir mist íslenskan ríkisborgararjett.

Greinargerð.

Nefndin hefir til meðferðar frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar og hefir komið sjer saman um að afgreiða tillögur sínar með sjerstökum frv., jafnótt og hún hefir aflað sjer nægra upplýsinga um umsækjendur.